



Öryggisatriði

Þegar **kort er ekki** á staðnum

VALITOR

Öryggisatriði

Þegar **kort er ekki** á staðnum

Það er á ábyrgð söluaðila að réttur aðili sé viðtakandi þeirrar vöru/þjónustu sem pöntuð er.

Gott er að hafa gátlistann hér til hliðar ávallt við höndina.

Upplýsingar um korthafa

Farið fram á eins ítarlegar upplýsingar um kaupanda og mögulegt er

- // Nafn, heimilisfang og land
 - // **Símanúmer** – taktu niður símanúmer af númerabirti ef mögulegt er
 - // **Netfang** – fáðu einkanetfang viðskiptavinar (ókeypis netföng geta verið varasöm)
 - // **Flutningsaðili** – notið viðurkenndan flutningsaðila sem krefst undirskriftar við afhendingu á vörunni
 - // **Afhendingarstaður** – ef um „berist til“ afhendingarstað er að ræða, skaltu fara fram á frekari upplýsingar
 - // **IP tala** – það er hægt að láta birta hvaðan IP tala kaupanda kemur og bera þær upplýsingar saman við afhendingarstað/land
-

Einkenni svikafærslna

- // Pöntun er óvenju stór
- // Keypt er fyrir óvenju háar upphæðir
- // Sama varan er pöntuð aftur og aftur
- // Sami viðskiptavinurinn notar mismunandi kortanúmer
- // Viðskiptavinurinn biður þig um að greiða flutningskostnað og taka hann út af greiðslukorti
- // Viðskiptavinurinn pantar hraðsendingu óháð því hvað það kostar
- // Viðskiptavinurinn gerir margar tilraunir áður en greiðsla er samþykkt
- // Viðskiptavinurinn hættir við kaupin og biður þig að endurgreiða inn á reikning í stað kortsins sem hann notaði til að greiða með

Hvað á að gera ef grunsemdir vakna?

- // Hafðu samband við Þjónustuver Valitor í síma 525 2000 og láttu athuga hvort nafn/heimilisfang/land korthafa komi heim og saman við það nafn/heimilisfang/land sem gefið er upp
 - // Berðu símanúmer sem hringt er úr (ef um símgreiðslu er að ræða) saman við nafn/heimilisfang/land afhendingarstaðar
 - // Ef þú ert með Greiðslusíðu Valitor getur þú farið inn á Þjónustuvef Valitor og lokað fyrir IP-tölur sem tengjast hugsanlegri misnotkun
 - // Ef þú ert með Greiðslugátt getur þú haft samband við þitt hugbúnaðarhús og fengið lausnir hjá þeim varðandi lokun á IP-tölum
-

